



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Drafnarsteinn

2024 – 2025



Útskriftarárgangur 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	6
4 Innra mat deilda	7
4.1 Innra mat Drafnarborgar.....	7
4.2 Innra mat Hulduhólar	9
4.3 Innra mat Álfheima	12
4.4 Innra mat Trölladyngju.....	19
4.5 Innra mat Brekka.....	23
4.5.1 Trölladyngja og Brekka (verður að Álfheimum) styrkleikar og tækifæri	25
4.6 Önnur verkefni deildanna	26
5 Mat á sérkennslu 2024-2025.....	28
6 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025.....	29
7 Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024	30
8 Umbótaáætlun –fjöiltyngi 2024-2025.....	33
9 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	34
10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	34
11 Foreldrasamvinna.....	34
12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	35
13 Fylgiskjöl	37
14 Umsögn foreldraráðs.....	38





Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Drafnarsteinn er samansettur úr tveimur skólum, Drafnarborg þar sem er skilgreind ungbarnadeild, og svo Dvergasteinn þar sem eru fjórar deildir, ein deildin þar er laus stofa.

Barnahópurinn er fjölbreyttur en 40% barnanna er tví/fjöltýngdur og eru 20 tungumál þeirra á milli og í starfsmannahópnum er prósentan svipuð, eða um 40% starfsmanna hefur íslensku sem annað mál og eru nærri tugur móðurmála á milli þeirra. Fjölmeningin í starfsmannahópnum er líka mikil hvað varðar aðra þætti eins og aldur, menntun, kyn ofl. Sýn mín er sú að með fjölbreytileika gefum við börnunum betra umhverfi til að læra og slíkur hópur endurspeglar samfélagið betur. Veturinn hefur ríkt mikill metnaður, leikgleði, útsjónarsemi og jákvæðni í hópnum.

Það setti ákveðin svip á árið að vera með nýja starfsmenn með nýja sýn og færni, eins og listamaður sem hefur nú umsjón með listaskálanum og njóta börnin í Dvergasteini hennar kennslu einu sinni í viku, tónmenntakennari og tveir leikaramenntaðir einstaklingar sem koma með þekkingu og færni. Skólinn verður enn betri fyrir vikið. Við höfum veturinn á því að taka þá ákvörðun að aðstoðarskólastjóri tæki að sér deildarstjórn þar til að við fyndum starfsmann í þá stöðu en það gekk illa og svo fór að hann var allan veturinn. Aðrar tvær deildarstjórastöður voru auðar, en það hófst með mjög góðum hætti finna lausn á því.

Starfsmannaandinn var mjög góður og unnu allir vel saman. Við buðum upp á íslenskukennslu fyrir þann hluta starfsmanna sem hefur íslensku sem annað mál á vordögum. Sú kennsla verður haldið áfram með í haust enda allir mjög ánægðir með það fyrirkomulag.

https://reykjavik.is/frettir/anaegdar-med-islenskukennslu-vinnutima?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTAAR2PDJDqGoNNJAgJ8PTshR4Ub2cXEvcFmqw0o5srS0Fmiic_huw_A4ya2Cxs_aem_YOCb9Q736quGJyHKhv3WvA

Við fórum í náms- og kynnisferð til Spánar í vor sem gefur hópnum alltaf svo mikið, við heimsóttum skóla og fórum á námskeið. Samveran í slíku ferðalagi gefur hópnum ekki síður.

Við fengum líka erlenda gesti, en við höfum tekið þátt í Erasmus verkefninu „The successful challenge of an inclusive school“ En það er fimm landa verkefni, Ísland ásamt, Írlandi, Litháen, Ítalíu og Frakklandi (Reunion) um inngilding. Við stefnum á áframhaldandi samstarf.

Við höfum haldið fast í félagsfærni og sjálfshjálpi í menntastefnunni, en ætlum næsta haust að færa kastljósið yfir á heilbrigði. Okkur fannst það viðeigandi þar sem við ætlum að byrja haustið á vinnu





með að fá regnbogavottunina og að halda áfram að vinna í og með gróðurhúsið okkar sem við fengum rétt fyrir jólin á síðasta ári frá Bambahúsum og hefur vakið mikla lukku meðal barna, starfsfólks og foreldra, enda nú þegar þessi orð eru skrifuð blómstar allt þar inni, grænmeti, blóm og ber sem börnin sjá um og smakka.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Teymi skólans vinna jafnt og þétt með markmiðsetningu og mati á hvernig gangi í hverju teymi. Í vetur hafa verið virk læsisteymið, Lubbateymið og það nýjasta gróðurhúsateymið sem tekur tíma grænfánafundana. Sérkennsluteymið hefur einnig fundað reglulega.

Önnur teymi sem eru listateymi, matsalur- og menntastefnuteymi hafa legið niðri en þau mál verið tekin fyrir eftir þörfum á deildarstjórafundum sem eru vikulega. Málefni sérkennslu koma þar inn einnig.

Á deildarfundum sem eru mánaðarlega eru málefni deilda í símati. Við höfum svo tekið starfsdag að vori sem fer í að meta allt starf, en að þessu sinni vorum við í námsferð. Að vori var samt haldin að venju heilsdags stjórnendafundur um starfsáætlun, veturinn og haustið fram undan. Að þessu sinni funduðum við í fundarherbergi í Kennarasambandinu í Borgartúni.

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn Drafnarsteins
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Bættum okkur í flestum þáttum





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Helsti þáttur umbótar verður án efa uppfærsla á skólanámskránni okkar út frá nýju köflunum í aðalnámskrá leikskóla. Sem og endurmat á henni allri. Skil á henni er í janúar 2025.

Stjórnendateymi skólans mun halda utan um uppfærsluna og einnig verður fræðsla til starfsmanna um þessa nýju þætti út frá aðalnámskrá.

Íslenskukennsla starfsmanna með sem íslensku með annað mál mun halda áfram í haust og er það liður í að valdefla starfsfólk í verkefnum leikskólans.

Móttaka nýrra starfsmanna verður tekin fastari tókum. Það verður gert með þeim hætti að þau fái leiðsögn og handleiðslu um starfið, undirbúning ofl. Starfsmannahandbókin mun vera höfð að leiðarljósi við það verklag.

Snerpulsamtöl/starfsmannasamtöl. Skipulögð með ákveðinn tíma í huga yfir árið, tvö á hvorri önn. Fjögur yfir árið. Deildarstjórar sjá um deildarstarfsmenn og skólastjóri um stjórnunarteymið.

Umbótaáætlun leikskólans er varðar menntastefnu Reykjavíkurborgar þá mun leikskólinn leggja áherslu á leiðarljós er varðar HEILBRIGÐI. Sýnin er að það fléttist inn í starfið með vinnunni í gróðurhúsinu og einnig er fyrirhugað að fá regnbogavottun því að vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku í leik og starfi. Vinna við þennan þátt hefst í haust með fræðslu á skipulagsdögum um heilbrigði. Á deildarfundum verður metið og rýnt í hvernig unnið er með heilbrigði í gegnum um alla þætti starfsins.

Vilji er til að hefja vinnu er varðar sáttmála milli starfsmanna og setja sér gildi um hvernig samskipti og hegðun þeir vilji að ríki á vinnustaðnum og að öllum líði vel.





4 Innra mat deilda

4.1 Innra mat Drafnarborgar

Starfið á drafnarborg var með öðru sniði en undanfarin ár þar sem það var ekki pláss fyrir öll börn fædd 2020 á Dvergasteini. Því voru börnin eldri en þau ættu að vera á yngstu deild leikskólans. Við höfum haft Hól og Hlíð aldursblandaðar en ákváðum að breyta því þetta skólaárið þar sem aldursbilið var of breytt til þess að geta mætt ólíkum þörfum barnanna ef þau voru öll á sömu deild. Eldri börnin voru á Hóli og yngri á Hlíð. Börn fædd 2020 skiptust á Hól og Hulduhóla. Þetta skólaár einkenndist að því að finna leiðir til þess að mæta þörfum allra í breiðum aldurshópi barna.

Sjálfsþing

Við unnun með sjálfsþingu með því að efla sjálfstæði barnanna í matartíma. Við vildum hvetja börnin til þess að nota hnífapör og að skammta sér sjálf. Eldri hópurinn var duglegur að nota hnífapör, en þau fengu alltaf hníf og gaffal og voru hvött til þess að skera matinn sinn sjálf. Um vorið voru þau byrjuð að skammta sér sjálf í matartímanum.

Áherslurnar með yngri börnunum voru aðrar en þau þurftu að læra að mata sig sjálf í staðin fyrir að vera mötuð. Við lögðum ekki áherslu á að þau notuðu hnífapör heldur að þau myndi leitast við að borða sjálf á þann hátt sem þau vildu.

Markvisst stöðva og hópastarf

Við settum okkur það markmið að allt starfsfólk væri með ákveðin viðfangsefni sem þau sjá um. Það gekk ágætlega í vetur. Helstu viðfangsefnin voru könnunarleikur, einingakubbar, Lubbi, tónlist, listasmiðja og samvinna elstu barnanna á deildinni við Hulduhóla. Allir voru með undirbúningstíma til þess að undirbúa verkefni sem þau voru með og það gekk vel að halda dagskipulagi.

Börnin voru mjög áhugasöm og virk í tónlistastundunum, Lubbastundir voru mjög vel undirbúnar og haldið vel við og leitast var við að öll börn hefðu tækifæri á að fara í listasmiðju einusinni í viku. Eftir kynningu á einingakubbum á skipulagsdegi fórum við að nýta þá mun meira. Yngstu börnin fóru í könnunarleik einu sinni í viku.





Við bættum skynjunarfæði á dagskipulagið og það var mjög góð viðbót. Í skynjunarflæði var lögð áhersla á að örva skynfæri barnanna með því að bjóða upp á leir, leik með ljós og skugga, sull, tónlist og fleira í þeim dúr. Þessu munum við halda áfram á næsta skólaári.



Samstarf við Hulduhóla

Börn fædd 2020 skiptust á Hól og Hulduhóla. Við vildum auka samstarf á milli þeirra deilda. Þetta verkefni gekk mjög vel í vetur. Við fórum reglulega með 2020 hópinn í heimsókn á Hulduhóla og fórum í gönguferðir með þeim. Eftir áramót var kennaranemi sem tók þetta verkefni að sér fyrir starfendarannsókn. Það að hafa einhvern sem tók þetta verkefni að sér og einbeitti sér að mestu að því hafði mjög jákvæð áhrif á samstarfið milli deilda. Börnin fóru í gönguferðir, unnu sameiginlegt verkefni Hulduhólum og fóru í flæði á Dvergasteini. Við nýttum listaskálann á Dvergssteini og börnin gerðu stórt listaverk tengt Gýpu saman. Börnin á hólum verða með jafnöldum sínum á deild næsta skólaár og ætti þetta verkefni að hafa eftir tengst milli barnanna á Hólum og Hulduhólum sem verður vonandi til þess að börnin sem voru eftir á Drafnarborg verði öruggari á Dvergasteini næsta vetur.



Styrkleikar

Styrkleikar Drafnarborgar þetta skólaárið var hvað starfsfólki gekk vel að vinna saman og skipta á milli sér verkefnum. Allir höfðu hlutverk og vissu hvað þau áttu að gera. Það gerði það að verkum að það





gekk vel að halda dagskipulagi og að vinna að þeim markmiðum sem við settum okkur. Samstarfið með Hulduhólum gekk mjög vel og það tókst vel til að efla sjálfstæði barnanna á deildinni.

Tækifæri til umbóta

Þar sem við vorum með eldri börn en vanalega var lögð áhersla á verkefni sem hæfði þeirra aldri og þroska og þau færu ekki á mis við það sem jafnaldrar þeirra væru að fást við á Hulduhólum. Næsta skólaár ætlum við að miða að því enn betur að vera með viðfangsefni sem henta yngstu börnunum á leikskólanum.

Þrátt fyrir að það hafi gegnið vel að halda við hópstarfi þá vorum við ekki nógu dugleg að halda utan um skráningar á þessum stundum. Við viljum efla það næsta vetur.

4.2 Innra mat Hulduhólar

Á leikskólaárinu 2023 - 2024 voru 21 börn á Hulduhólum fædd 2020. Á þessu ári vorum við í samstarfi við Drafnarborg til þess að öll börn fædd 2020 yrðu saman. Barnahópurinn á Hulduhólum var töluvert eldri en verið hefur og var það áskorun fyrir kennara deildarinnar. Okkur tókst vel til að aðlagast starfið að eldri hópnum. Það voru aðeins 5 börn sem hófu aðlögun um haustið, aðlögunin gekk hratt og vel fyrir sig og nýju börnin voru fljót að aðlagast barnahópnum sem fyrir var.

Samstarf við Drafnarborg

Eftir áramót náðum við að vinna meira og meira saman (Drafnarborg og Drafnarsteinn) og við buðum börnum í mismunandi stundir og afþreyingu. Öll börnin fengu tækifæri til að hittast og njóta þess að vera í báðum

rýmnum: Dvergasteini og Drafnarborg. Stundirnar voru vel skipulagðar og samstarfið á milli deildanna og samskipti starfsfólks voru góð. Börnin voru alltaf mjög spennt að vera saman og alltaf að tala um þessa skemmtilegu upplifun.





Mat á umbótaþáttum:

Í samverustundum skiptum við hópnum í tvo hópa og höfðum tvær samverustundir. Í undirbúningstímum undirbýr allt starfsfólkið eitthvað fyrir samverustundir. Á deildarfundum á sér stað umræða um hvernig samverustundir eiga að vera og hvað við ætlum að leggja áherslu á. Þetta fyrirkomulag hvatti alla starfsmenn til að stjórna samverustund þar sem deildin er með þrjár samverustundir á hverjum degi og því er mikilvægt að allir starfsmenn geti haldið utan um samverustundir.

Sjálfsfelling var eitt af markmiðunum á þessu leikskólaári. Til að ná því reyndum við að innleiða leiðir í dagskipulagið til að gefa börnunum tækifæri til að gera allt sjálf og til að vera virkari í ferlinu.

Á þessu leikskólaári nýttum við mörg tækifæri til að eiga jákvæð samskipti milli barna og einnig til að efla vináttu. Við notuðum tækifærið í samverustundunum til að spyrja börnin hvernig þeim líður og hvað þeim finnst um ákveðnar aðstæður í dagskipulaginu.



Styrkleikar

Styrkleikar þessarar deildar var hvernig við skipulögðum stundir og athafnir sem krökkunum var boðið upp á og gefa þeim nægan tíma til að njóta þess. Út frá markmiðinu sem við settum komumst við að þeirri niðurstöðu að hafa færri börn í hvert skipti sem þau gera ákveðna hluti. Þannig verður ferlið og þekkingin og námið sem fer fram betra og árangursríkara. Starfsfólk og börn njóta betur stundanna og meiri leikgleði og farsælt nám á sér staða.



Allt árið komumst við að því að forritið Sway er góð leið til að tengjast og eiga góð samskipti við foreldra. Sway skráningar gengu að mestu vel, sem var líka styrkleikur fyrir starfið. Við höfum sent Sway mjög oft heim fyrir foreldra sem fengu frábært tækifæri til að skoða myndir og fá góða innsýn í starfið.





Tækifæri

Á næstu leikskólaári ætlum við að leggja áherslu á:

Málörvun: á hverjum degi börn viljum við hvetja börn til að skoða og fletta bókum sjálf eða við lesum fyrir þau. Við ætlum að nota samverustundir til að efla málþroska og kynnast bókum og sögum. Við ætlum að hlúa vel að og styðja við hlutverkaleik, frjálsan leik, samverustundum, hafa sjónrænt skipulag sýnilegt og einnig nýta okkur spil með börnunum til að ná þessu markmiði.

Þjóðsaga: við ætlum að vinna með þjóðsögu á hverjum degi á vorönn og láta hana fylgja tengjast við mismunandi verkefni sem börnunum er boðið upp á. Markmið er að búa til „vettvang“ þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess og að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri;

Umhverfisent: við ætlum að fara reglulega í gönguferðir og skoða náttúruna í öllum árstíðum. Áætlað er að halda áfram að skoða nærumhverfið, náttúruna og fá umferðarfræðslu næsta leikskólaár. Auk þess langar okkur að tala meira saman og fara í verkefni sem kenna börnum að gera litla hluti til að vernda umhverfið. Ætlum að halda áfram því góða starfi sem hefur átt sér stað inni í gróðurhúsinu og nota tækifærið til að samþætta því sem við gróðursetjum beint á diskanna okkar í matartíma.

Sjálfsþing: Við ætlum að halda áfram því starfi sem þegar hefur verið unnið með. Við ætlum að hvetja til sjálfstæðis allra barna á öllum stundum í dagskipulaginu. Við viljum líka hanna leiksvæði þar sem börnin geta ákveðið sjálf hvar á að leika og staðið við sitt val. Við viljum einnig auka sjálfstæði þeirra varðandi það að geta tjáð hugmyndir sínar, óskir, tilfinningar, skoðanir og sínar eigin leiðir til að tjá sig á listrænan hátt, sem leið til að ná „eitt hundrað tungumálum.“





4.3 Innra mat Álfheima

Veturinn á Álfheimum hefur einkennst af jákvæðni, gleði og þroska. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að ráða deildastjóra á deildina í vetur og aðstoðarleikskólustjóri hafi verið með aukna athygli og viðveru á deildinni blómstraði stafið. Það komu margir nýir kennarar á deildinni og í raun varð nær algjör endurnýjun. Aðeins einn kennari frá því í fyrra vetri hélt áfram en hinir komu nýir inn. Þar af reyndur leikólakennari sem hafði mikill og jákvæð áhrif á starfið og þróun þess í vetur.

Í byrjun vetrar var tekinn ákvörðun um að setja inn gott dagskipulag fyrir bæði börn og kennara til að stuðla að festu og gefa öllum tækifæri á að læra daglega rútinu sem væri stöðug og fyrirsjáanleg. Þetta gerði það að verkum að ró skapaðist í daglegu starfi sem varð grundvöllur að þeirri kennslu og þeim þroska sem einkenndi starf deildarinnar í vetur.





Félagsfærni

Eins og gerist þegar unnið er með kraftmiklu og skapandi fólki þá verða stundum núningur í samskiptum. Við fórum í gegnum slíkar áskoranir og gátum nótað þau tækifæri til að fjalla almennt um vináttu og umburðalindi. Við gerðum úr þessu verkefni sem við unnum saman kennarar og nemendur til að æfa okkur í samskiptum og fræðast um eðli vináttunnar. Við tókumst sem sagt á við þá eilífu spurningu „Hvað er að vera vinur? Og hvernig manneskjur viljum við vera?“





Umhverfismennt

Við lögðum mikla áherslu á að kynna okkur umhverfi okkar. Við lögðum af stað með vikulega göngutúra sem höfðu í það minnsta tvöfalt gildi. Eitt að kynna umhverfi okkar og nær samfélagi. Við skoðuðum leiksvæði í hverfinu, heimsóttum stofnanir og rannsökuðum fjöru, gróður og árstíðir og vinda. Hitt og ekki síður vorum við markvisst að efla okkur og getu okkar til að takast á við langar göngur í öllum veðrum.

Nú hefur gróðurhús bæst við í umhverfisflórana okkar. Í gróðurhúsinu erum við að rækta kartöflur auk annars góðgætis. Börin hafa tekið virkan þátt í að gróðursetja, vökva og annað sem til fellur í umsjón og ræktun grænmetis.



Sjálfsþing/sjálfsþing

Okkar hlutverk sem kennarar er ekki að leysa vandamál barnanna. Okkar hlutverk er að hjálpa þeim að finna leiðir til að leysa sín vandamál og verkefni sjálf. Í því ljósi er þjálfum í sjálfsþing og sjálfsþing svo mikilvæg. Við höfum með markvissum hætti beitt starfsháttum okkar á þann veg að það styrki og efla sjálfsþing og sjálfstæði barna. Við spyrjum opinna spurninga. Við hvetjum börin til að skammta sér sjálf í matsal og við notum hrós og þolinmæði í fataklefa til að hvetja börin til að bjarga sér sjálf í stað þess að grípa inn í og gera hlutina fyrir þau.





Starfsáætlun síðasta árs Umbótaáætlun Álfheima 2023-2024

Í starfsáætlun síðasta árs var lög áhersla á eftirfarandi þætti sem áherslu fyrir núlíðandi skólaár.

Myndrænt skipulag

Að starfsfólk og börn nýti sér myndrænt skipulag með markvissum hætti í daglegu starfi á deildinni. Deildarstjóri styður við starfsfólk og leiðbeinir þeim (kynna fyrir þeim Widgit Online, lesefni um mikilvægi notkunar myndræns skipulags í starfi með börnum). Starfsfólk hvatt til að nýta undirbúningstímann í að kynna sér myndrænt skipulag og hafi það aðgengilegt fyrir börnin, svo þau séu óhrædd við að nýta sér myndir til samskipta, bæði við börn og starfsfólk. Hvernig starfið gengur fyrir sig, þ.e. hvort börnin sýni öryggi í athöfnum og sé reiðubúið að takast á við fjölbreytni leikskólastarfsins, einkum þegar kemur að því að skipta úr einni athöfn yfir í aðra.





Læsi

Að efla orðaforða barnanna með skipulögðum lestrarstundum og að vekja áhuga þeirra á bókum. Að starfsfólk sæki reglulega nýjar bækur á bókasafn leikskólans, ásamt börnunum, svo þau kynnist fjölbreyttum bókmenntum. Skipulagðar ferðir á Borgarbókasafnið. Lestarstundir 2x á dag. Undirbúningstími nýttur í að kynna sér Orðskýringar og hvernig sé best að lesa fyrir börn. Tras og Orðalistinn nýtt til þess að meta fjölbreytni orðaorða. Börnin tjá líðan og áhuga í lestrarstundum með myndrænum hætti (var gaman?, hvernig stóð ég mig?) Aukinn áhugi barnanna gagnvart bókum og virk þátttaka í lestarstundum.



Styrkleikar og tækifæri

Í Upphafi skólaárs var sett upp myndrænt dagskipulag í samveru herbergi. Í morgun samveru var það síðan hefð að fara yfir daginn með hjálp myndræna skipulagsins. Eftir áramót bætis síðan við myndrænt skipulag fyrir „Umsjónarmann sem nýtti það til að skrá hvernig verðrið var þann daginn



auk ráðlegginga um klæðaburð í útiveru. Þannig að það er óhætt að segja að þessari umbót hafi verið fyllt vel eftir og myndrænt skipulag er nú orðin hluti af daglegu starfi og umhverfi á deildinni.

Lestur bóka er nú daglegur þáttur í stafi deildarinnar. Kennarar lesa bækur og um þær er fjallað í samverustunum og oft setjast kennarar niður í tíma frjálsa leiksins með bók og börn sem það vilja geta sest hjá kennara og sama skoða þau bækur og lesa sögur. Börnin fóru að taka upp á því hjá sjálfum sér að koma með bækur í skólann af heiman. Þessu framlagi þeirra var fagnað og bækur af heima oft lesnar í samverustund fyrir hádegismat. Lestur bóka og umfjöllun um bækur er nú stór þáttur af daglegu starfi og menningu deildarinnar.



Styrkleikar

Næsta skólaár verður markað breytingum. Í ljósi reynslunnar og þeirri staðreynd að við getum ekki rúmað öll elstu börn skólans á einni deild. Þurfum við að stokka upp í skipulagi skólans. Það er nú



orðið ljóst að Álfrheimar auk Trölladyngju verða í samstarfi með starf tveggja elstu árganga skólans. Það þýðir nýr deildarstjóri og nýtt starfsfólk.

En eftir stendur að kennarahópur Álfrheima hefur eflst gríðarlega í vetur og sá þroski, reynsla og lærdómur sem safnast hefur í vetur á eftir að nýtast skólanum í heild næsta skálaár. Sumri verða á öðrum deildum en einhverjir halda áfram á nýjum Álfrheimum með nýjum deildastjóra og nýjum verkefnum.

Tækifæri

Sá lærdómur sem eftir stendur að loknu síðasta skólaárs kemur til að nýtast þeim kennurum sem á Álfrheimum störfuðu. Mikilvægi þess að vera með skýrt dagskipulag þar sem fyrirsjáanlegi ríkir hefur sýnt sig að er gríðarlega mikilvægt í umhverfi barna í leikskólum. Þegar umhverfið er skýrt og sanngjarnt og börnum gefið tækifæri á að njóta sín í frjálsum leik í umgjörð sem er örugg og styðjandi þá gerast töfrar.



4.4 Innra mat Trölladyngju

Veturinn hefur verið blómlegur og umbótaáherslur síðasta vetrar verið teknar föstum tókum. Þar var talað um meiri áherslu á markvissa málörvun og aukna hljóðkerfisvitund. Deildarstjóri las yfir umbótaáætlunina er hann tók við því starfi og ákvað að fara aðra leið í átt að sama markmiði. Allt starfið var smíðað í kringum fjögur kjörorð. Sögur, Söngur, Stöðugt spjall og Leikgleði.

Samstarf deildarinnar

Í upphafi vetrar var gerður samstarfssamningur um afnot af íþróttasala

Aflagranda. Deildinni var skipt niður í tvo hópa og var haldið af stað í „íþróttapartý“ annarsvegar mánudaga og hins vegar þriðjudaga klukkan 13. Með þessari viðbót gafst deildarstjóra tækifæri til að halda úti markvissri hreyfiflæðisþjálfun þar sem börnunum var gefið rými til að rannsaka ólíka beitingu líkamans, kynnst eigin getu og smá saman fór sjálfstraust að eflast og forvitni að aukast. Kennarar lögðu áherslu á að kenna eitthvað sértækt í hverjum tíma, þjálfa og nota þetta tækifæri til að leysa um orku, hrósa og hjálpa börnunum í að takast á við allar þær fjölmörgu tilfinningar sem leysast úr læðingi þegar stór hópur hreyfir sig saman. Það er einlæg trú deildarstjóra að betur má gera þegar kemur að dans, tónlistar og hreyfiþjálfun barna á yngsta stigi menntakerfisins. Sigrarnir voru stórir en þegar líða tók mars mánuð urðu ferðir fátíðari.



Í Vetur hafa börnin fengið að kynnst. Bocha, Animalflow, Capueira, Brazilian Jiu jitsu, fimleikum, teygjum, Joga, Hip Hop dansi og fjölmörgum leikjum.

Félagsfærni

Við tjáum okkur að stórum hluta með orðum. Orðin eru verkfæri til að tjá hug sinn og líðan. Börn deildarinnar eru misjafnlega langt á veg komin í málþroska. Til að lágmarka átök og hámarka vellíðan barnanna var tekin sú stefna að vinna markvisst að því að koma fyrir málörvun alstaðar þar sem færi væri á. Þetta byggir á samstilltu átaki allra á starfsmanna deildarinnar. Öll börn fá að lágmarki 20 mínútur lestur á dag, starfsmenn setjast niður með börnum í matsal snæða og spjalla um borðsiði, dægurlagatextar brotnir og sniðug orð skoðuð, Vísur í samveru, söngur í 30 mín á dag, orðasturtan og tjáningarleikir. Við ræddum ólík tungumál og staðsetningu landa á jarðkringlunni, menningu og fjarlægðir. Samhliða því lærðum við að segja góðan daginn á móðurmáli allra barna á deildinni eða á 7 mismunandi vegu.



Tjáning: Börnin, koma uppá svið, segja sögur, Syngja og fara yfir helgina. Fjölbættar æfingar sem miða að því að stíga inni óttan sem opinberun kann að kalla fram og auka þannig sjálfstraust í framkomu. Áhorfendur, æfa sig í að bera virðingu fyrir þeim sem hefur orðið og gefa athygli.

Kærleikur – Virðing – Kurteisi.

Á deildinni hafa öll samskipti verið kjörnuð niður í þessi þrjú einkunnarorð og skulu þau viðhöfð öllum stundum. Komi upp ágreiningar greina kennarar áreksturinn og kanna hvort þessi atriði hafi verið viðhöfð eða ei.

Umhverfismennt

Átthagafræðin var tækluð með áætlun sem við kölluðum Grendarkynningarglæpurinn. Við fórum í leiðangra alla miðvikudaga í hart nær 3 mánuði og réðumst inn í fyrirtæki í grenndinni sem við vorum búin að kynna okkur lítilega og heimtuðum að fá að syngja. Klöppuðum brunahönum, hoppuðum þegar við sáum



Hin margvíslegu mission. Nærumhverfið býður uppá ótal möguleika. Lagt var í leiðangur í hverri viku í allan vetur.



hopp hjól og kynntum okkur staðhætti með skapandi hætti. Veltum fyrir okkur, árstíðunum, flóði og fjöru, eldgosum, veðurfari, gróðri og ræktun svo fátt eitt sé nefnt.

Sjálfsfelling/sjálfs hjálp

Viðbrögð jafningja geta haft gríðarleg áhrif á börn. Unnið hefur verið í að valdefla og gera þau ónæg fyrir viðbrögðum og skoðunum annara. Taka sjálfstæðar ákvarðanir og lesa í eigið tilfinningaástand. Við upphefjum mistök og starfsmenn ganga þar fram með skýru fordæmi og fagna mistökum og gera þau óspart. Börn eru líkt og þau sem fullorðin eru stöðugt að leita eftir jákvæðri svörun og prufa sitt valdsvið. Stuðst hefur við hrós og verðlaunakerfi notað til að hámarka jákvæða hegðun sérlega þegar kemur að tiltekt og umgengni.

Það er einlæg trú deildarstjóra að sjálfstraust og sjálfstæði eflist ef börnin fá rými til að prufa sig áfram og gera mistök. Þroskaferill verður að eiga sér lífræna framvindu þar sem spurningar leiða til tilrauna. A deildinni eiga börnin að lita, perla, leika, mála, skammta sér á diskinn og klæða sig sjálf og hjálparlaust. Þetta kann til að skolast til þegar mikið ber undir og getur deildin gert betur í því að leiðbeina og styrkja í stað þess að styðjast við skapalón og fyrirmyndir.

Myndrænt skipulag og hlutverk umsjónamanns

Allt skipulag hefur verið stórlega bætt. Ákveðin rými á deildinni eru heilög og börnin geta alltaf gegnið að þeim vísum. Samanber hlutverkahorn, einingarkubbar og litaborðið. Innleiðing myndræns skipulags reyndist vel og þá sérlega valstöðvarnar.

Umsjónamaður deildarinnar fer með starfsmanni yfir dagskipulagið, sér um veðurfréttir, ræðir fatnað í fataklefa, undirbýr hvíld, greinir frá matseðli dagsins og margt annað. Þetta hefur verið skemmtilegt verkefni og börnin ánægð með titilinn og fá góða þjálfun í að koma fram og greina frá.

Læsi, Lubbi og bókabras.

Námsefnið Lubbi finnur málbein var í umsjón ákveðins starfsmanns í vetur. Ritmálið er mjög sýnilegt á deildinni og bækur aðgengilegar öllum stundum. Lesið er fyrir öll börn á föstum lestrarstundir fyrir mat. Til að auka enn við bókaflóðið fengu börn að koma með bækur að heiman og koma fyrir í „Bókaorminum“. Í samveru fær svo nemandinn að segja frá bókinni, hvenær hann fékk hana og frá hverjum áður en hún er lesin.





Mat á umbótapáttum síðasta árs:

Nýr deildarstjóri fór yfir TRAS niðurstöður í byrjun skólaárs og lagt út hverjir þurfa aukinn stuðning aðallega þegar kemur að málörvun. Starfsmenn á deildinni og sérkennslan hefur náð að aðstoða þessi börn mjög vel.

Gríðarleg áhersla var lögð á vísur og söng þetta skólaár, börnin hafa þjálfast í framkomu ásamt því að við höfum stundað æfingar sem þjálfu hljóðkerfisvitundina eins og að klappa samstöfur og ríma.

Umbótapættirnir tókust vel en með aðeins breyttri nálgun með ráðningu nýs deildarstjóra. „Ljáðu mér eyra“ , „Markviss málörvun“ og „Sól“ voru ekki notuð beint en þjálfunin fór samt sem áður fram með áherslu á þátttöku barna í söng og framkomu.

Á næsta skólaári verður Trölladyngja ásamt Álfheimum deildir elsta árgangsins á Drafnarsteini. Umbótaáætlun Trölladyngju 2024-2025 verður þá sameiginleg Álfheimum sem tekur við af Brekku einnig sem elsta deild. Styrkleikar verða því útlistaðir sameiginlega fyrir Trölladyngju og Álheima.



4.5 Innra mat Brekka

Mat á umbótaþáttum síðasta árs:

Hvíldartímar á elstu deildum geta oft verið flóknari en á þeim yngri þar sem börn eru fæst að sofna. Það var markmið okkar fyrir þennan vetur að hafa meira lýðræði í hvíld, og við fengum börnin til að vera með í ákvörðunarferlinu þegar það kemur að hvíldinni. Við höfum getað boðið uppá tvískipta hvíld og þar með getað haft hana fjölbreyttari sem hentar fleirum. Það hefur verið í boði að hlusta á sögur lesa bækur, en einnig höfðu börnin prófað að vera í jóga í hvíldartímum á síðasta skólaári og hafa val um að stunda jóga í öðru rými ef þau vilja meiri örvun á hvíldarstundum.

Það hefur verið nokkur ánægja með þetta fyrirkomulag þar sem börnin skiptast á að fara í þessar mismunandi stundir.

Annar umbótaþátturinn var að hafa tvískiptar samverur til að geta mætt þörfum sem flestra. Úthald barna er mismunandi í skipulögðum stundum á við hvíld og samverum, hvort sem það er út af tungumáli eða úthaldi. Það hefur sem sagt gengið vel að halda samverustundunum þannig að þeir sem þurfa geta verið í kröfuminni samverustund. Þetta eru ekki alltaf sömu börnin, en við róterum og stökkum líka upp í hverjir eru í hvaða stundum. Þessar samverur hafa verið klassískar söngstundir og lestur á ýmiss erfileika stigum, en einnig „púlt“ sem þjálfun í framkomu og fleiri leikir. Mikil áhersla hefir verið á söng og tónlist þetta skólaárið, enda mannauðurinn þannig gerður. Þessi árgangur er orðinn ótrúlega góður með lög og texta, og einnig í sviðsframkomu, og síðast en ekki síst sýnt virðingu sem áhorfendur.



Þessir umbótaþættir hafa tekist vel, meðal annars út af því að það fjölgaði í barnahópnum, og þar með um svo eitt stöðugildi kennara líka. Við höfum verið þannig mönnum að það er hægt að halda



tvær stundir í einu og við reiknum með að það verði svo áfram þannig við framlengjum þessum markmiðum fram á næsta skólaár.

Skipulagðar stundir eins og umhverfismennt, „elstu barna vinna“ og Lubbi sem hafa verið hluti af okkar starfi lengi voru einnig haldið og gengu mjög vel, en gróðurhúsið einmitt umbylti umhverfismenntinni okkar til góðs.

Flæði og félagsfærni/sjálfs hjálp

Skólaárið hjá okkur á Brekku í ár hefur einkennst af lýðræði og flæði. Markmiðið var að hafa fjölbreyttan og skemmtilegan efnivið í boði í vali eða frjálsum leik og leyfa börnunum að spjara sig í að finna leik og leikfélaga. Það hefur verið ótrúlega gaman að fylgjast með börnunum koma sér inn í leik og sjá félagsfærni þróast. Börnin voru auðvitað misgóð í þessu fyrst en með hjálp kennara voru þau sem voru í mestum vandræðum fljót að bæta sig. Niðurstaðan var sú að allir urðu ótrúlega sjálfbjarga í ákvarðanatöku í leik og það myndaðist gott, náttúrulegt flæði. Það var áberandi hvað samskiptin á deildinni voru góð og hversu mikil gleði og vinátta var ríkjandi á deildinni.

Læsi

HLÍÓM-2 athuganir voru gerð á öllum börnum, og niðurstöðurnar voru betri en þær hafa verið á síðustu árum. Einnig var fjölmening á deildinni minni en hefur verið síðustu ár. Þeir örfáu sem voru talin þurfa auka málörvun fengu þá aðstoð bæði inn á deild en líka með aðstoð sérkennsluteymisins. Við fengum þá meira svigrúm til að einblína á hluti eins og félagsfærni, söng, útiveru, gróðurhúsið o.fl.





4.5.1 Trölladyngja og Brekka (verður að Álfheimum) styrkleikar og tækifæri

Elsti árgangur skólans færir frá deildinni „Brekka“ yfir á tvær deildir „Álfheimar og Trölladyngja“ > „Tröllheimar“.

Þar sem þessar deildir munu báðar hýsa elsta árgang skólans þá teljum við það viðeigandi að hafa sameiginleg markmið og gott tækifæri til að vinna að þeim markvisst sem ein heild.

Styrkleikar

Styrkleikar þessara tveggja elstu barna deilda koma helst fram í fjölbreytni starfsmannhópsins og nýtingu á þeirra áhugasviðum við kennslu í leik með börnunum. Þetta er til dæmis tónlistarkennsla, umhverfismennt, íþróttir, listsköpun og framkoma. Verkefni kennara skiptist vel niður á þessi svið þar sem áhugi og styrkleikar þeirra eru nýttir vel. Við ætlum að halda áfram að valdefla kennara með að hvetja þau til að halda þessu starfi áfram og græða sem mest á styrkleikunum sem mannauðurinn færir okkur.

Tækifæri

Með meira samstarfi milli deilda þá ætti að vera hægt að bjóða upp á enn þá fjölbreyttari samverur, hvíldir og málörvunarstundir sem henta sem flestum. Gæta að því að hafa þær ekki of langar og erfiðar samverur fyrir börn sem ráða ekki við þær, og á sama tíma bjóða upp á viðeigandi örvun fyrir þau sem eru langt komin. Í öðrum orðum ættum við að geta nýtt mannauðinn í að mæta þörfum sem flestra, og mæta börnunum þar sem þau eru.

Við ætlum að leggja áherslu á kurteisi, vináttu og virðingu. Þar sem við erum enn þá að vinna með félagsfærni og sjálfseflingu.

Markmiðið er að halda þessu flæði gangandi, og þá á báðum elstu deildunum. Við ætlum að hafa sameiginlega a.m.k. 12 stöðvar og hafa frjálst flæði milli deilda undir formerkinu „flæði en ekki æði“. Það verða rúmlega 30 börn í þessum elsta árgangi sem er þínu kjánaleg tala, en 2019 árgangurinn fær að umgangast hvorn annan í mun meiri mæli en 2018 árgangurinn gerði með því að hafa þessar tvær 20+ barna deildir í sömu álmu í miklu samstarfi. Elstu 2020 börnin verða þá líka með til að fylla upp í rýmið á deildunum og verða þau því samtals u.þ.b. 40 talsins.

Við stefnum af því að nýta þessi tækifæri og meta hvernig til tókst í lok skólaársins 2024-2025.



4.6 Önnur verkefni deildanna

Bambahús og umhverfismennt

Við gerðumst svo heppin að eignast gróðurhús sem var sett stillt upp á Dvergasteinslóðinni í vetur. Þetta er „Bambahús“ sem eru íslensk gróðurhús sem henta í alla ræktun hvort sem er til heimilis eða atvinnu og hafa flest verið hönnuð með moldarræktun í huga.

Stofnuð var nefnd í kringum starfsemi gróðurhússins sem samanstendur af einum áhugasömum starfsmanni af hverri deild á Dvergasteini. Deildirnar eiga þar sitt horn og stunda núna ræktun á ýmis gróðri eins og kartöflum, gulrótum og jafnvel jarðaberjum o.fl. Við teljum þetta gróðurhús muni umbylta okkar umhverfismennt og við stefnum á að verkefni þar verði hornsteinninn af okkar umhverfismennt næsta skólaár.

Einnig fengum við styrk til að breyta lóðinni í kringum húsið og leiða í það rafmagn og vatn til að geta nýtt það til fulls. Lóðin er orðin ágæt umhverfis gróðurhúsið, en rafmagn og vatnið er eftir.

Utan þess höldum við áfram annarri umhverfismennt eins og að vekja athygli á árstíðunum, áttahagafræðum, flokkun sorps, matarsóun o.fl. og stefnum á að flagga Grænfána landverndar í sjötta sinn.





Samstarf deilda við listaskála

Deildir leikskólans nutu þeirrar gæfu að til skólann kom listakennari sem tók að sér að hafa umsjón með listaskála. Í samstarfi við hann fengum við tækifæri á að vinna að listsköpun undir leiðsögn og umsjón frábærs fagmans á sviði listar og kennslu. Samstarfið efldi okkur í listsköpun eins og sjá hefur mátt í umhverfi deildanna í vetur. Gott samstarf okkar og Listasmiðju kom hvað best í ljós í vinnu okkar með ævintýrið Gípa sem er eitt að stóru verkefnum vetrarins. Því auk þess sem Þjóðsagan Gípa gaf okkur tækifæri á að vinna markvist með orðaforða og hjálpaði okkur inn í ævintýraheim fullan af glettni og furðuleg heitum. Þá urðu til í samstarfinu listaverk sem hafa prýtt deildina og skólann á vordögum.





5 Mat á sérkennslu 2024-2025

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Við skipulag sérkennslu er haft að leiðarljósi hugmyndafræði skóla margbreytileikans. Þörfum barna sem eru með stuðning í leikskólanum er mætt innan barnahópsins, gætt er að því að þau einangrist ekki frá barnahópnum og leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barna. Fagleg rök liggja á bak við námsaðferðum það er hvort þörfum barns er mætt í hóp eða unnið með það eitt og sér og þá miðast markmiðin ávallt að yfirfærslu inn í barnahópinn. Öll börn sem eru með fjármagn vegna stuðnings eru með einstaklingsnámskrár og byggja þær á APES færnimatslista. Einnig hafa verið gerð markmið er varðar að efla málþroska barna sem á þurfa að halda út frá niðurstöðum málþroskaskimanna og hæfnirömmum. Starfsfólk í sérkennslu heldur utan um skráningu er varðar hópastarf einnig er varðar einstaklingskennslu. Farið er reglulega yfir hvernig gengur að vinna með markmið með sérkennslustjóra og deildarstjóra. Haft er í hávegum að öll börn sem eru með stuðning eigi taka virkan þátt í öllu leikskólastarfinu. Leitast er við að finna kennsluáferðir sem henta marbreytilegum hóp og styðja við leik barna til að efla félagsleg tengsl og efla málþroska í gegnum sjálfssprottin leik.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Tras er gerð á öllum börnum. APES er notað fyrir börn sem eru með fjármagn vegna stuðnings og byggjast einstaklingsnámskrár út frá þeim lista. Hljóm-2 er tekið á elsta árangri leikskólans. Einnig er stuðst við hæfniramma fyrir börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Námsefni sem notað er til að mynda er varðar málörvun er til að mynda: Tölum saman námsefnið, einnig spilastokkar Super duber sem og spilastokkar Ljáðu mér eyra til að efla hljóðkerfisvitund. Lotto-og samstæðuspil til að spjalla við börn og dýpka orðaforða. Námsefnið Lubbi finnur málbein er notað á öllum deildum þar sem unnið er með dýpri orðaforða og hljóðanám. Málörvunarsmáforrit í spjaldtölvum eru notuð fyrir málörvun til dæmis Lærum og leikum með hljóðin og Orðagull. Bækur eru í</p>





hávegum hafðar til að vinna með orðaforða og heyrnræna úrvinnslu.

6 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að efla samstarf sérkennsluteymis við deildarnar um markmið er varðar börn sem þurfa á stuðningi að halda. Að starfsfólk sérkennsluteymis haldi utan um skráningar og fylgist með framförum er varðar markmið úr einstaklingsnámskrám.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að það sé öflugra samstarf á milli sérkennsluteymis og deilda um hvernig er unnið að því að efla ákveðna þroskapætti hjá börnum sem þurfa á að halda. Að það sé kortlagning á milli sérkennsluteymis og deilda á börnum sem þurfa á ákveðnum stuðningi að halda og hvernig sé unnið með það í dagskipulaginu inni á deild. Starfsfólk sérkennsluteymis haldi vel utan um skráningar og útbúi skráningarblöð og merki með viðeigandi hætti um framfarir sem eiga sér stað.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennsluteymi fari reglulega á deildarfundi þar sem farið er yfir börn sem þurfa á stuðningi að halda og hvernig markmiðum sé fléttað inn í dagskipulag. Sérkennsluteymið eigi í samtali inn á deildum um hvernig skuli unnið með börn sem þurfa á stuðningi að halda og leiðbeini starfsfólki deilda um hvernig sé best að hlúa að því. Sérkennsluteymi hafi skráningarblöð með markmiðum og haldi skráningu í dagskipulagi, skipulögðum stundum og einstaklingsþjálfun ef við á. Samtal sérkennsluteymis og sérkennslustjóra hvernig gengur að skrá og fylgjast með framförum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og starfsfólk sérkennsluteymis.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð	1 september 2024 til 1 júlí 2025.





lok?	
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á reglulegum fundum sérkennsluteymis er farið yfir skráningarblöð og fylgst með framförum er varðar markmið. Á deildarfundum fara deildirnar og sérkennsluteymið saman yfir hvernig að vinna með markmið er varðar börn sem þurfa á stuðning að halda á deildunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmiðið er að starfsfólk deilda hafi betri innsýn og sé meðvitaðra um þau börn sem þurfa á stuðningi að halda og hvernig sé hægt að vinna að markmiðum í gegnum allt skipulagt starf inni á deild. Að skráningu sé þannig að háttað að það er hægt að fylgjast með framförum og fylgjast með stöðu barna.

7 Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað til launagreiðslu í 50% stöðu verkefnastjóra barna með fjölbreyttan tungumála-og menningarbakgrunn. Verkefnastjóri sinnir málörvun tví-og fjöltyngdra barna. Verkefnastjóri hefur yfirsýn og er með utanumhald um fjölmenningsstarf í leikskólanum. Að auki veitir hann ráðgjöf til starfsfólks er varðar málörvun fjöltyngdra barna og hvernig fjölmennig er gerð sýnileg í starfi leikskólans. Verkefnastjóri sér um og ber ábyrgð á móttökuáætlun barna með fjölbreyttan tungumála- menningarbakgrunn ásamt deildarstjórum (Velkomin verkefnið) sem er í samstarfi við Vesturmiðstöð. Verkefnastjóri sækir skipulagða fundi þar sem tengiliðir verkefnastjórar barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn í Reykjavík hittast og ræða málefni er tengjast því.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með	Unnið er með daglegan orðaforða með því að





<p>Gefðu 10?</p>	<p>setja orð á hluti og athafnir í gegnum allt daglegt starf. Einnig er leitast við að vinna með daglegan orðaforða í gegnum spil og bækur. Myndrænt dagskipulag er haft sýnilegt á öllum deildum. Öll börn sem hafa annað heimamál en íslensku fá myndrænu orðabókina <i>Ljáðu mér orð</i> til að styðja við og auka skilning hjá börnum sem eru að ná tökum á íslensku. Aðferðin Gefðu 10 hefur ekki gegnið á deildunum. Leggjast þarf í enn meira átak er varðar Gefðu 10 og halda utan um skráningu er varðar það. Deildarstjórar innleiða það með starfsfólki á deildunum.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Með þjóðsöguvinnu á hverri vorönn og lestri bóka er lögð mikil áhersla á dýpri orðaforða. Til þess að efla orðaforða er lögð áhersla á að taka fyrir ákveðna orðflokka. Efni sem tengist ákveðnum þemum hefur verið safnað í þemakassa þar sem er til að mynda unnið með ákveðna orðflokka t.d. föt, líkaminn, dýr. Þemakassar eru aðgengilegir til málörvunar á öllum deildum. Les- og samverustundir eru nýttar til þess að dýpka orðaforða barna með því að vinna með söngva, þulur og vísur. Þar gefst tækifæri á að vinna með orð og orðasambönd sem ekki eru algeng í daglegu tali. Lögð er áhersla á mikilvægi þess við starfsfólk að ræða um og útskýra orð og orðasambönd sem eru ekki algeng í daglegu tali. Verkefnastjóri heldur utan um skráningu er tengist því. Lögð er áhersla á að efla orðaforða, útskýra og dýpka orðaforða.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Fylgst er með framförum fjöltyngdra barna með því að gera TRAS málþroskaskráningu á öllum börnum. Íhlutun sett af stað ef þörf krefur. Í leikskólanum er tekin Efi-2 málþroskaskimun á öllum börnum á fjórða aldursári. Hljóm 2 skimun er tekin á öllum börnum á elsta ári í leikskólanum. Í ákveðnum tilvikum eru gerðar einstaklingsnámskrár þar sem unnið er með ákveðin markmið er tengjast málþroska og fylgst er með framförum. Verkefnastjóri fjölmenningar í samráði við deildarstjóra hefur stuðst við Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn frá Menntamálastofnun til að fylgjast með framförum og grípa inni í með markvissum hætti ef þörf krefur.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu</p>	<p>Málörvun er rauður þráður í gegnum allt</p>





leikskóla, *Lesið í leik*, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.

daglegt starf til þess að efla orðaforða barna og grípa námstækfæri í gegnum daginn og að setja orð á hluti og athafnir. Unnið er með námsefnið *Ótrúleg eru ævintýrin* þar sem unnið er með eina þjóðsögu, vísur eða þulur á hverri vorönn. Það námsefni er til að vinna með dýpri orðaforða og orðasambönd. Til þess að hlúa að tjáningu og frásögn er lögð áhersla á frjálsa leikinn, að börnin fái tækifæri á að tjá sig við hvort annað, starfsfólk styður við leikinn. Á öllum deildum skólans eru söngstundir a.m.k. einu sinni á dag sem og sameiginleg söngstund einu sinni í viku. Leitað er leiða í samverustundum til þess að efla tjáningu hjá börnum með því að gefa þeim tækifæri á að segja frá því sem þau vilja. Í gegnum listsköpun er haft að leiðarljósi að þau fái að segja frá því sem þau skapa. Þjóðsöguvinnan felur í sér að öll börn skólans endursegi þjóðsögu/vísu eða þulu með sínu nefi sem skrifuð er orðrétt eftir frásögn þeirra. Bækur eru í hávegum hafðar og aðgengilegar börnunum. Lögð er áhersla við lestur bóka að spyrja börnin út úr sögunni til að efla hlustun og málskilning. Í öllu daglegu starfi fá börnin fyrirmæli er varðar ýmislegt sem er að gerast í leikskólanum og með því er verið að efla heyrnræna úrvinnslu. Unnið er með hljóðkerfisvitund í samverustundum og hópastarfi þar sem unnið er með rím, setja saman orð og klappa atkvæði. Unnið er með hljóðanáms og orðaforða í gegnum námsefnið *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum. Ritmál er sýnilegt með því að merkja hluti og húsgögn. Stafir og stafróf er sýnilegt á deildum. Hljóð og tákn vikunnar út frá námsefninu *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt á öllum deildum. Málörvun fer fram út frá fjölbreyttum kennsluaðferðum og efnivið. Í öllu málörvunarstarfi er haft að leiðarljósi að vinna með áhugasvið og styrkleika barna. Leitast er við að hlusta á rödd barnanna og að óskir þeirra og langanir séu virtar. Í dagskipulaginu er gefið rými fyrir frjálsa leikinn sem er námsleið leikskólabarna. Starfsfólk er meðvitað um að styðja við leik og efla félagsleg tengsl barna.





	<p>Tilfinningar barna eru virtar og fá þau tækifæri til að bera kennsl á tilfinningar sínar og vinna úr þeim með stuðningi starfsfólks.</p> <p>Fylgst er með félagstengslum barna og leitað er leiða til að hjálpa börnum að ná góðum félagslegum tengslum í barnahópnum. Að auki að öll börn fái virka hlutdeild í hópnum og komið sé til móts við ólíkar þarfir. Haft er að leiðarljósi að jafnræði og virðing ríki í barnahópnum.</p>
--	--

8 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skipulagðar málörvunarstundir fyrir börn í dagskipulaginu sem hafa ekki íslensku sem heimamál og þau fái að minnsta kosti 20-30 mínútur aukalega í málörvun ásamt daglegri málörvun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla skipulagðar stundir í markvissri málörvun þar sem unnið er með ákveðið efni er tengjast öllum þáttum er varðar mál og læsi. Að fylgjast með stöðu og framförum barna eftir skipulagðar stundir í málörvun sem hafa ekki íslensku sem heimamál.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kortlagning á börnum sem þurfa á markvissri málörvun að halda út frá hæfnirömmum. Samtal við deildarstjóra skipulag stundanna og hvenær í dagskipulaginu þær eru.
Ábyrgð	Verkefnastjóri málörvunar tví-og fjöltyngdra barna og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1 sept 2024 og lok 1 júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráning á málörvunarstundum. Hæfniráttar notaðar notaðir til að fylgjast með framförum. Skipulagðir fundir





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	með deildarstjórum til að fara yfir stöðu og framfarir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að efla ákveðin orðaforða sem lagt er upp með og efla skilning og tjáningu út frá viðmiðum hæfniramma. Farið er reglulega yfir hæfniramma til að fylgjast með stöðu og framförum. Skráning á stöðu orðaforða í upphaf og lok málörvunarstunda.

9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarstamtöl fóru fram að einhverju leyti, ekki náðist að ræða við alla þó og stendur það vonandi til bóta.

10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vesturbæjarskóli er okkar helsti samstarfs, en í ár eru örfá börn sem fara í Grandaskóla, og Landakotsskóla. Við náðum endurvekjja samstarf okkar við Vesturbæjarskóla mjög vel eftir faraldur og það hefur haldist vel. Við höfum farið í reglulegar heimsóknir á vorönninni bæði í skólann og frístund. Þetta hafa verið valstundir í fyrsta og annan bekk og lestrarstundir stjórnaðar af nemendum í efri bekkjum skólans. Einnig höfum við heimsótt skólann í sérstaka söngstund sem er alla föstudaga. Nemendur í Vesturbæjarskóla hafa einnig komið til okkar í Drafnarstein í heimsókn í útiveru.

Skipulagðir hafa verið sérstakir skilafundir fyrir nemendur sem fara í Vesturbæjarskóla en fyrir aðra skóla þá komum við upplýsingum til skila í gegnum fjarfundarbúnað.

Frístundarheimilið Skýjaborgir hafa verið með á skilafundum og við fórum einnig með barnahópinn í heimsókn þangað.

Samskiptin hafa verið mjög góð síðustu þrjú ár og ætlum við okkur að dýpka samstarfið enn frekar

11 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur gengið mjög vel og við svo lánsöm að hafa mjög góða stjórn í foreldrafélaginu sem hefur boðið upp á bæði fræðslu og skemmtanir. En boðið var upp á fræðslu þrisvar sinnum á skólaárinu. Tannlæknar fræddu um tannheilsu barna, Sálfræðingur um líðan barna í áföllum og svo var haldið námskeið í skyndihjálpi. Fræðslan var öllum opin, haldnar á ensku svo fleiri






ættu möguleika á að nýta sér tilboðið. Einnig hefur félagið í samvinnu við skólann haldið páskaföndur, sumarhátíð, skiptimarkað á fötum og leikföngum ofl.

12 Skipulags dagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagur 29.september

Skipulagsdaginn 29.september fórum við í þessi hefðbundnu haustmál eins og að taka einn kynningarhring og fórum yfir nokkur grunn atriði og reglur við skólann þar sem mikil endurnýjun var á starfsmannahópnum. Þetta voru mál eins og styttingar, undirbúningtímar, útivera o.fl. Eftir það fengum við fyrirlestur um kvíða barna frá Maríu Huld Ingólfssdóttur sálfræðingi hjá Vesturmiðstöð sem var mjög áhugaverður og út frá honum mjög góðar samræður eftir það.



Seinni partinn voru þeir sem að fóru á einingakubbanámskeið í Gamla Bíó sem tóku stjórnina og miðluðu til hinna hugmyndafræðinni um kubbana. Við tókum dæmi um ýmiss leiki sem má nýta kubbana í og lékum okkur í leiðinni. Allir höfðu mikið gagn og gaman af. Eftir daginn var lítið boð til að þetta hópinn.





Skipulagsdagur 27.nóvember

Skipulagsdaginn 27.nóvember lögðum við drög að jólaskema og skipulögðum alla atburði tengda jólunum eins og jólaball, foreldragjafir og fleira.

Eftir það endurnýjuðum við kynni okkar við Lubba. Við höfum nýtt okkur „Lubbi finnur málbein“ sem tól til að leggja inn máhljóð hjá börnum á öllum deildum. Allur starfsmannahópurinn tók stórt og langt námskeið á sínum tíma en við vorum farin að finna fyrir því að þekkingin var að tynast úr húsi þannig að þeir helstu sem höfðu verið að sjá um Lubba síðustu ár héldu góða kynningu til að allir væru með á nótunum.

Seinni partinn fór leikskólastjórinn yfir stóra þjóðsögu verkefnið okkar „Ótrúleg eru ævintýrin“. Við völdum þemasögu fyrir veturinn og skipulögðum hvernig við ætluðum að vinna með hana um veturinn. Þetta ár var þjóðsagan „Gípa“ valin og ómaði áhrif hennar um allt hús allt fram að páskum.

Alicante náms- og kynnisferð

Farið var í námsferð til Alicante 25.-29.apríl. Markmiðið var að þetta saman starfsmannahópin og upplifa fjölmenningu skóla á Alicante þar sem yfirgnæfandi meirihluti barna eru erlendir nemendur.



Á námskeiðunum var okkur kynnt fyrir núvitund er og hvernig hægt er að nýta sér hana í daglegu amstri. Einnig voru kynntar og prófaðar ólíkar tegundir af hugleiðslum sem þátttakendur geta nýtt sér





fyrir sjálfan sig eða í vinnu með nemendum. Jafnframt var jóga kynnt fyrir þátttakendum sem þeir geta notað í sínu starfi með kennarar.

Skipulagsdagur 17.maí

Fyrri part dags fengum við kynningar frá skólum sem tóku þátt með okkur í ERASMUS verkefni. Þetta voru skólar frá Frakklandi (Reunion eyju við Madagaskar), Litáen, Írlandi og Reggio Emilia skóla á Ítalíu.

Seinni partinn fóru allir starfsmenn á Menntastefnumót Reykjavíkur í Hagaskóla og Melaskóla

13 Fylgiskjöl





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

14 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, en huga mætti að því að miðla upplýsingum reglulega yfir árið hvaða áherslur er verið að vinna með inni á deildum, t.d. hvað færni er verið að leggja áherslu á.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Jákvætt að sjá hvernig deildarstjórar hafa frelsi til að prófa og fara sínar leiðir að skilgreindum markmiðum. Það mætti kannski útfæra þar sem tekst vel á einni deild yfir á aðrar, t.d. varðandi lestur og málörvun, samskipti barnanna og ekki síst upplýsingagjöf til foreldra (Sway). Ánægjulegt einnig að starfsfólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli hefur fengið að sækja íslenskukennslu á vinnutíma á staðnum.

Fulltrúar í foreldraráði: Guðný Marta Aradóttir, Hróar Húgósson og Svanhildur Sigurfljóð Birgisdóttir.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

